



# Yfirlýsing um samþættingu sjálfbærniáhættu við fjárfestingar- ákvarðanatökufæri og fjárfestingarráðgjöf

## Inngangur

Yfirlýsing þessi er gefin út á grundvelli 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 (hér eftir *SFDR-reglugerðin*), sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar nr. 25/2023.

Samkvæmt 3. gr. SFDR-reglugerðarinnar skal Íslandsbanki birta á vefsetri sínu upplýsingar um stefnu sína um hvernig áhætta tengd sjálfbærni (hér eftir sjálfbærniáhætta) er felld inn í fjárfestingarákvarðanatökufæri og fjárfestingarráðgjöf.

Tilgangur ákvæðisins er stuðla að auknu gagnsæi og veita endanlegum fjárfestum aðgengi að upplýsingum um hvernig aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar fella sjálfbærniáhættu, hvort sem hún er veruleg eða líkleg til að vera veruleg, inn í fjárfestingarákvarðanatökufæri og ráðgjafafæri sitt.

## Sjálfbærniáhætta

Áhætta tengd sjálfbærni (hér eftir sjálfbærniáhætta) er skilgreind í 22. mgr. 2. gr. SFDR-reglugerðarinnar sem atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttu (UFS) sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

## Samþætting sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvarðanatökufæri

Íslandsbanki hefur gert samning um útvistun eignastýringar við Íslandssjóði, dótturfélags bankans. Í því felst að Íslandssjóðir taka að sér verkefni fyrir Íslandsbanka um að stýra eignasöfnum viðskiptavina bankans, þar á meðal söfnum í Einkabankaþjónustu, í samræmi við samninga viðskiptavina við Íslandsbanka. Stefnu Íslandssjóða um hvernig sjálfbærniáhætta fellur inn í fjárfestingarákvarðanatökufæri má finna [hér](#).

Íslandsbanki ber ábyrgð á viðskiptasambandi útvistaðrar þjónustu og fylgist reglulega með stýringu eignasafna viðskiptavina hjá Íslandssjóðum.

## Samþætting sjálfbærniáhættu í fjárfestingarráðgjöf

Íslandsbanki samþættir sjálfbærniáhættu við veitingu fjárfestingarráðgjafar með því að taka tillit til óska viðskiptavina um sjálfbærni og upplýsa þá um áhættuna sem tengist UFS þáttum. Þannig fellur mat á sjálfbærniáhættu inn í heildstætt mat á áhættu fjárfestingar, samhliða hefðbundinni fjárfestingaráhættu (s.s. markaðsáhættu, seljanleikaáhættu, vaxtaáhættu eða lausafjárahættu). Á þeim grunni skapast forsendur fyrir betur ígrunduðum fjárfestingaákvörðunum með langtímahagsmuni í huga.

Ýmsar aðferðir geta legið til grundvallar mati á sjálfbærniáhættu, og hvernig hún er samþætt í fjárfestingarráðgjöf. Samþætting sjálfbærniáhættu við veitingu fjárfestingarráðgjafar getur verið mismunandi eftir eignaflokkum, tegundum fjárfestinga og því hversu gott aðgengi er að upplýsingum um viðeigandi fjármálagæring.

Til þess að greina sjálfbærniáhættu og samþætta hana í fjárfestingarráðgjöf styðst Íslandsbanki við svokallað mat á váhrifum (e. exposure method). Með þeirri aðferð er áhætta fjárfestinga metin með tilliti til UFS eiginleika hennar, t.d. hversu veruleg umhverfisáhætta, félagsleg áhætta og stjórnunaráhætta sé, hversu víðtæk áhrifin eru og hversu líklegt er að áhættan raungerist. Slíkt gerir fjárfestum mögulegt að skilja betur árangur og áhættu fjárfestinga með tilliti til sjálfbærni, áður en ákvörðun um fjárfestingu er



tekin. Í því skyni styðst bankinn við gögn og upplýsingar beint frá þeim fyrirtækjum sem fjárfest er í, utanaðkomandi gagnaveitum, innra UFS mati og aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga í samræmi við sjálfbærnistefnu bankans.

Þrátt fyrir að mat á váhrifum veiti fjárfestum upplýsingar um sjálfbærniáhættu sem fylgir viðkomandi fjárfestingu, er ekki gefið að matið veiti heildræna sýn í öllum tilfellum yfir fjárhagslega áhættu. Samhliða því að sjálfbærniupplýsingar og gögn um útgefendur fjármálagerninga verða aðgengilegri, mun Íslandsbanki skoða aðferðir til samþætta sjálfbærniáhættu í fjárfestingarráðgjöf með heildrænni hætti.

Útgáfa 1.1  
17. júlí 2024